**Nd. 336. Frumvarp**

til laga um afnám laga nr. 10, 8. sept. 1915, um heimild fyrir ráðherra Íslands til að skipa nefnd til að ákveða verðlag á vörum.

Flutningsm.: Pjetur Ottesen, Sigurður Stefánsson og Einar Jónsson.

Lög nr. 10, 8. sept. 1915, skulu úr gildi numin.

Ástæður fyrir frumvarpinu.

Allir aðdrættir til landsins á nauðsynjavörum eru nú þegar komnir í höndur landsverslunarinnar, og virðist því verkefni verðlagsnefndar að þessu leyti horfið.

Hvað afskifti verðlagsnefndar af innlendri framleiðslu snertir, þá hefir reynslan sýnt, að þau afskifti hafa engan veginn náð tilgangi sinum, en aftur á móti á öðrum stöðum verkað alveg gagnstætt því, sem til var ætlast.